

Starfsáætlun Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2014

Námskeið;

Verndum þau-

Tvö *Verndum þau* námskeið hafa verið skipulöggð og auglýst. Þann 13. mars í safnaðarheimili Breiðholtskirkju og 20. mars í safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Ætlunin er að halda fleiri námskeið í haust. Námskeiðin eru styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnesprófastdæmi, Biskupsstofu og KFUM/K. Námskeið um lýðræði og valdeflingu ungmenna sem er ætlað ungum leiðtogum í æskulýðsstarfi.

Einnig verður haldið námskeið fyrir leiðtoga að hausti
Námskeið fyrir presta, djákna og æskulýðsfulltrúa í nóvember

Í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu
Grunnnámskeið fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi var ráðgert að halda 28. febrúar-1. mars en þurfti að fresta vegna ónógrar þátttöku. Ef til vill þarf samstarfshópurinn að endurskoða það fyrirkomulag að hafa það yfir helgi auk tveggja laugardaga.
Farskóli leiðtogaefna hefst aftur í haust á Suðvesturhorninu með endurskoðuðu efni.

Easter Course

Í ár verður Easter Course haldið af Europea Fellowship í Birmingham á Englandi 13.-20. apríl og mun ÆSKP senda fimm þátttakendur á námskeiðið. Við höfum einnig einn fulltrúa í undirbúningsnefnd námskeiðsins.

Kirkjuþing unga fólksins

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Verkefnastjóri í ár verður Sigríður Rún Tryggvadóttir.

Vaktu með Kristi

Verður haldið í Neskirkju á skírdagsnótt 17. apríl.

Efnisgerð

Endurskoðun efnisins fyrir Farskóla leiðtogaefna mun halda áfram og er hún í höndum Péturs Björgvins Þorsteinssonar, ritstjórar eru Sigríður Rún Tryggvadóttir og Dagný Halla Tómasdóttir.

Landsmót

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Það hefur verið ákveðið að landsmót 2014 verði helgina 3. - 5. október á Ísafirði. Ákveðið hefur verið að færa landsmót fram um tvær vikur að þessu sinni til þess að minnka líkur á ófærð. Undirbúningur er á byrjunarstigi og verið er að tryggja að aðstaða fyrir jafn stórt landsmót og hefur verið undanfarin ár sé til staðar.

Landsmótsnefnd síðasta árs vinnur einnig að því að útbúa handbók til þess að safna saman þeirri þekkingu og reynslu sem skapast hefur í undirbúningi landsmóts undanfarin ár.